

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING  
Reykjavík, 19. apríl 2006

TILVÍSUN  
2006040078

**Efni: frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti, 655. mál, útboðs- og skráningarlýsingar, EES-reglur.**

Með bréfi dags. 4. apríl 2006 óskar efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti, 655. mál, útboðs- og skráningarlýsingar, EES-reglur.

Ríkisskattstjóri hefur kynnt sér efni frumvarpsins og gefur eftirfarandi umsögn um 1. gr. þess sem fjallar um skilgreiningu á fagfjárfestum.

Í 7. tölulið 2. gr. laganna er að finna skilgreiningu á hugtakinu fagfjárfestir.

Í b. lið er kveðið á um að til fagfjárfesta skuli einnig telja lögaðilar sem hvorki hafa starfsleyfi né sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, en þar sem tilgangur fyrirtækjanna er einungis að fjárfesta í verðbréfum. Í þessu sambandi vill ríkisskattstjóri, sem starfrækir hlutafélagaskrá að lögum, að á undanförunum árum hafa verið stofnuð hundruð ef ekki þúsundir einkahlutafélaga með einum eða tveimur aðilum með lágmarkshlutafé að lögum eða 500.000 kr. til þess eins að halda utan um hlutabréf eða verðbréf í einu tilteknu félagi. Þessi félög eru yfirleitt kennd við eignarhaldsfélög og hafa ekkert með kaup og sölur verðbréfa í hagnaðar- eða atvinnurekstrarskyni að ræða. Í frumvarpinu er miðað við tilgang fyrirtækisins og að hann sé "einungis að fjárfesta í verðbréfum". Á það skal bent að skráning í Fyrirtækjaskrá á tilgangi félaga er afar ómarkviss og verður að draga í efa gildi þess að miða við hana í stað mats á raunverulegri starfsemi. Flest svokallaðra eignarhaldsfélaga eru í reynd stofnuð um hlutabréfaeign einstaklinga. Samkvæmt frumvarpinu yrðu þau skilgreind undir hugtakið fagfjárfestir án þess að uppfylla þau skilyrði, sem sett eru einstaklingum, ef hlutabréfin eru í beinni eign þeirra. Athygli vekur að samsvarandi ákvæði er ekki að finna í tilskipun Evrópusambandsins sem vísað er til í frumvarpinu. Spyrja má spyrja hvort þetta ákvæði sé ekki óþarft og til óþurftar þar sem félög af þessum toga eiga þess kost að fá skráningu sem fagfjárfestar skv. f lið.

Í f. lið eru talin til fagfjárfesta „lítil og meðalstór fyrirtæki með skráða skrifstofu á Íslandi, óski þau skriflega eftir því við Fjármálaeftirlitið að vera viðurkennd sem fagfjárfestar“. Athygli vekur að í ákvæðinu er notað orðið „fyrirtæki“. Það orð tekur skv. almennri málvenju einnig til einstaklingsfyrirtækis þ.e. fyrirtæki í eigu einstaklings hvort sem það er skráð hjá firmaskrá eða óskráð. Í hinum enska texta tilskilpunarinnar kemur hins vegar


fram að eingöngu er átt við félög. Í f. lið er einnig skilgreint hvað eru „lítill og meðalstór fyrirtæki“. Í hinum íslenska texta eru stærðarmörk miðuð við íslenskar kr. og eru þau eftir gengisbreytingar síðustu vikna ekki lengur í samræmi við viðmiðunarfjárhæðir tilskipunarinnar. Á það misræmi einnig við um e lið ii.

Samkvæmt e. lið geta einstaklingar sem „búsettir eru á Íslandi, óskað skriflega eftir því við Fjármálaeftirlitið að vera viðurkenndir sem fagfjárfestar ef þeir uppfylla a.m.k tvö af eftirfarandi þremur skilyrðum: “ þ.e. að hafa átt í umtalsverðum verðbréfavíðskipum a.m.k. tíu sinnum á ári, verðgildi verðbréfaeignar hans nema 41,8 millj. kr. og/eða hann gegnir eða hafi gengt í a.m.k eitt ár stöðu á fjármálamarkaði, sem krefst sérþekkingar á fjárfestingum í verðbréfum. Fjármagnstekjur einstaklinga utan atvinnurekstrar eru skattlagðar með 10% skatti, skv. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Teljist starfsemi einstaklings með kaup og sölu verðbréfa falla undir atvinnurekstur hans fer um skattlagningu hagnaðar af þeirri starfsemi eftir 1. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003 en ekki fyrr nefndri 3. mgr. Vekja ákvæði frumvarpsins upp þá spurningu hvort ofangreind stærðarmörk kunni að hafa áhrif á þau mörk sem skattyfirvöld fari eftir við ákvörðun á því hvenær eru víðskipti einstaklinga teljist til atvinnurekstrar og hvenær litið er á víðskipin vera utan atvinnurekstrar.

Að lokum skal vakin athygli á því að samkvæmt tilskipun ESB er staða lítilla og meðalstórra félaga og einstaklinga sem fagfjárfesta háð gagnkvæmri viðurkenningu þeirra og stjórnvalda í viðkomandi ríki. Skulu stjórnvöld halda skrá yfir þá sem tiltæk skal vera útgefendum verðbréfa. Hliðstætt ákvæði um skráarhald Fjármálaeftirlitsins er einnig í frumvarpinu en með tillit til þess sem segir um b lið hér að framan má ætla að gerð slíkrar skrár verði nær óframkvæmanleg.

Virðingarfyllst

  
Indriði H Þorláksson

  
Guðmundur Guðbjarnason